



Hrossarækt:

Hestamennska gefur lífinu lit

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Það gustaði um hross kennd við Vöðla í Rangárþingi ytra á Landsmóti hestamanna.

Sex hross úr ræktun þeirra Margeirs Þorgeirssonar og Ástríðar Lilju Guðjónsdóttur komu fram í ýmsum flokkum. Þar á meðal voru fjórir gæðingar undan heiðursverðlaunahryssu þeirra hjóna, Nótt frá Oddsstöðum I.

Ræktunarsaga hjónanna hófst árið 1996. „Við eignumst Njólu frá Oddsstöðum undir Fáfni frá Laugarvatni og Nótt frá Oddsstöðum og er hún grunnurinn að allri okkar ræktun. Fyrstu tvær dætur hennar, Dimma og Nótt, fóru beint í fyrstu verðlaun og við enduðum með fjórar merar undan henni sem leggja því grunninn að okkar ræktun.“

Afkomendur Nóttar eru orðin 82 talsins og af þeim hafa átján hlotið fyrstu verðlaun í kynbótadóm.

Einnar merar ræktun

Þetta er því einnar merar ræktun segir Ástríður. Nótt er fædd árið 1997 og er orðin 27 vetra. Hún hlaut sinn hæsta kynbótadóm árið 2003, þá 8,44 í aðaleinkunn, þar á meðal einkunnina 9,5 fyrir skeið. Hún keppti með Olil Amble í A-flokki gæðinga á Landsmóti árið 2006 og tók þá þátt í B-úrslitum og endaði í fimmta sæti. Elva Björk, dóttir Margeirs og Ástríðar, tók svo þátt í Íslandsmóti yngri flokka það sama ár á Nótt og sigraði þá keppni í gæðingaskeiði og var í öðru sæti í fimmgangi.

Nótt hefur eignast ellefu afkvæmi og voru fjórir synir hennar á Landsmóti í ár. Sá yngsti, Svartur, undan Kveik frá Stangarlæk, var sýndur í fjögurra vetra flokki stóðhesta og varð hann í 5. sæti með 8,22 í aðaleinkunn. Gauti, undan Gláð frá Prestbakka, var sýndur í flokki sex vetra stóðhesta og hlaut þar 8,52 í aðaleinkunn.



Fjórir synir undan Nótt frá Oddsstöðum I ásamt ræktendum sínum. Margeir Þorgeirsson heldur í Gauta. Snædís Þorgeirsdóttir situr Njörð. Ástríður Lilja Guðjónsdóttir stendur við Svart, sem Jóhann Kristinn Ragnarsson heldur í. Herdís Björg Jóhannsdóttir heldur í Skorra. Mynd / ghp

Snædís Þorgeirsdóttir, tíu ára gömul sonardóttir hjónanna, keppti í barnaflokki á Nirði, undan Natan frá Ketilsstöðum og Herdís Björg Jóhannsdóttir keppti á Stálasyninum Skorra í fimmgangi.

Sameinandi lífsstíll

Margeir og Ástríður fóru út í hrossarækt fyrir fjölskylduna. „Við ætlum að rækta keppnishross. Við eigum fjögur börn og þau eru með misjafnar skoðanir og vildu hvert sína típu af hestum. Sum vildu góða fjörgangshesta á hringvelli en

aðrir hesta sem skeiðuðu hratt,“ segir Ástríður.

Hestamennskan og hrossaræktin er því sannkallaður fjölskyldulífsstíll, því nú hafa tíu barnabörn bæst í hópinn og hafa þau erfð áhugann. Ástríður segir þennan fjölskyldulífsstíl sameinandi. „Við getum öll talað saman um hlutina, það er svo mikilvægt að geta átt skemmtilegar samræður við barnabörnin.“ Margeir bætir því einnig við að fjölbreytileiki innan hestamennskunnar verði til þess að allir fjölskyldumeðlimir geti verið með og notið.

„Hvort sem það er að keppa, vera í hestaferðum eða rækta, svo ekki sé talað um alla útiveruna. Þetta gefur lífinu lit.“

Skiptir máli að börn fái hross við hæfi

„Það skiptir mestu máli fyrir foreldra barna sem hafa áhuga á hestum að útvega þeim hross sem þau geta riðið og maður getur treyst,“ bendir Ástríður á.

Undir það tekur Margeir. „Börn verða að fá hesta sem eru passlega stór númer fyrir þau. Síðar geta þau svo fært sig á meira krefjandi hross. Meginmálið er að börnin verði ekki hrædd.“

Þau segjast því hafa verið einstaklega heppin að hafa getað útvegað fjölskyldu sinni góð hross í gegnum ræktun út af Nótt. „Hrossin eru léttbyggð og svakalega geðgóð. Í þeim býr mikil ganghæfni og þau eru alltaf traustsins verð,“ segir Ástríður.

Hjónin halda að jafnaði um þremur hryssum en hafa þó þá reglu að hrossaeignin fari aldrei yfir þrjátíu hross. „Við erum með þrjátíu hrossa kvóta. Ef þau verða fleiri þá seljum við eitthvað. Okkur finnst bara nóg að hugsa um þrjátíu hross,“ segir Margeir.

Landsmót eru toppurinn

Landsmót hestamanna eru mikil uppskeruhátíð fyrir hrossaræktendur og hafa þau hjón tekið þátt í þeim ófáum. „Ég reyni alltaf að fara með fulla kerru á Landsmót, þó ég tilgreini svosem aldrei hversu stór kerran er. Ég hef til dæmis útvegað mér eins hesta kerru og fyllt hana,“ segir Margeir hlajandi. Landsmótið á Melgerðismelum árið 1998 er honum eftirminnilegt. „Þá sigraði dóttir okkar, Elva Björk, barnaflokkinn á hesti sem við tömdum frá grunni. Sonur okkar var þá einnig í 5. sæti í 250 metra skeiði.“



Margeir situr hér á Nótt árið 2007 áður en hún fór í folaldseign. Mynd / Einkasafn

Bændablaðið kemur næst út
15. ágúst



Morgunblaðið, 27.07.2024, síðu 4.
grein stærð: 154.64 sm²
grein hæð: 15.05 sm

Semja um tengingu vindorkuvers

● Nýtt tengivirki reist við Ferjufit

Sveinn Valfells
sveinnv@mbl.is

Landsnet og Landsvirkjun hafa gert með sér samkomulag um tengingu nýs vindorkuvers, svonefndan Búrfellslund, inn á raforkuflutningskerfið. Verið verður það fyrsta af þessari stærðargráðu á Íslandi og jafnframt ein aflmesta raforkuframkvæmd sem ráðist hefur verið í frá opnun Fljótsdalsstöðvar og Hellisheiðarvirkjunar. Áætluð afkastageta vindorkugarðsins er um 120 megavött.

Áætlaður kostnaður við innviðauppgögn Landsnets vegna versins er um 2,3 milljarðar króna. Stefnt er að því að reisa nýtt tengivirki við Ferjufit í Rangárþingi ytra sem mun, að sögn Guðmundar Inga Ásmundssonar, forstjóra Landsnets, gegna lykilhlutverki í framtíðaráformum Landsnets á svæðinu.

Guðmundur segir að framkvæmdirnar muni einnig fela í sér mikla breytingu á rekstri raforkuferfisins og öllum orkuviðskiptum í landinu, en vegna eiginleika vindorku þurfi að breyta stjórnun dreifikerfisins og því fylgi einnig aukin þörf á skammtímaorku til þess að fylla inn í eftirspurnargöt þegar vindorkan nýtist ekki.

„Vindorkan hefur eðli málsins sam-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Vindmyllur Tilraunavindmyllur Landsvirkjunar við Búrfell.

kvæmt öðruvísi eiginleika en vatnsafl og jarðvarmi, þar sem hún er mjög háð því hvernig vindurinn blæs. Við getum ekki stjórnað henni að öllu leyti þar sem vindorkugarðar framleiða lítið rafmagn ef það er enginn vindur,“ segir Guðmundur. „Þetta hefur því heilmikil áhrif á öll orkuviðskipti, en það er hlutverk Landsnets að tryggja jafnvægi milli notkunar og framleiðslu. Þegar framleiðslan er svona breytileg, þarf að kaupa orku frá öðrum framleiðendum, eða þá að notendur draga úr sinni orkuþörf í staðinn.“



Geti skapað töluverðar tekjur

● Vilja reisa vindorkugarð í Dalabyggð

Gísli Freyr Valdórsson

gislifreyr@mbl.is

Árleg fasteignagjöld Dalabyggðar gætu numið á bilinu 174 – 237 m.kr. af vindorkugarði að Sólheimum í Dölum. Verði það raunin má áætla að tekjur sveitarfélagsins verði á bilinu 4,3 – 5,9 ma.kr. á 25 ára rekstrartíma.

Þetta kemur fram í minnisblaði sem Deloitte vann fyrir Qair Ísland ehf., en félagið áformar að reisa 209 MW vindorkugarð í Sólheimum sem mun samanstanda af 29 vindmyllum. Morgunblaðið hefur minnisblaðið undir höndum.

Í samantekt Deloitte er áætlað að fasteignamat allra vindmylla á Sólheimum verði á bilinu 11,6 – 15,8 ma.kr. Þá er miðað við verðlag ársins 2024 og ekki tekið tillit til verðbólgu, auk þess sem sá fyrirvari er settur á að gjaldskrá fasteignagjalda í Dalabyggð kann að taka breytingum á tímabilinu.

Þá áætlar Deloitte að útsvarstekjur verði allt að 40 m.kr. á tveggja ára framkvæmdatíma verkefnisins, en það ræðst af fjölda einstaklinga sem koma að verkefninu og hvort að þeir séu búsettir í Dalabyggð. Talið er að framkvæmd og uppsetning skapi 70 ársverk í tvö ár, en það er sá tími sem tekur að koma garðinum upp.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Vindorka Tvær vindmyllur hafa þegar verið reistar við Búrfell.

Áhöld hafa verið um það hvort sambærileg verkefni skili tekjum til sveitarfélaga. Í minnisblaði Deloitte er horft til þeirra tekna sem Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafa fengið vegna uppsetningar og reksturs tveggja vindmylla Háblæs í Þykkvabæ og tveggja vindmylla Landsvirkjunar ofan Búrfells. Í tilviki Skeiða- og Gnúpverjahrepps greiddi Landsvirkjun um 116 m.kr. í fasteignaskatt árið 2016 eða 26% af tekjum sveitarfélagsins. Rangárþing ytra fékk um 87 m.kr. í fasteignaskatta frá Landsvirkjun árið 2016, sem nemur um 7% af tekjum sveitarfélagsins.



Trjáplöntuframleiðsla í landi Gunnarsholts

BAKSVIÐ

Óskar Bergsson
oskar@mbl.is



Ríkið og einkafyrirtæki hafa komist að samkomulagi um að breyta 60 hektara landbúnaðarlandi í eigu ríkisins í Gunnarsholti í iðnaðar- og athafnasvæði.

Forsaga málsins er sú að FSRE (Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir) gerði fyrir hönd ríkissjóðs markaðskönnun og óskaði eftir að leigja út landsvæði innan Gunnarsholts í Rangárþingi ytra. Atvinnustarfsemin sem þær færir fram skyldi tengjast starfseminni sem fram fer hjá Landi og skógi í Gunnarsholti. Óskað var eftir greinargóðri viðskiptaáætlun á tillögu fyrir þá starfsemi sem fyrirhuguð yrði á svæðinu. Aðeins ein umsókn barst um verkefnið, frá félaginu Gbest ehf. Stjórnarmaður fyrirtækisins er Páll Þór Magnússon.

Framleiða skógarplöntur

Gbest hefur óskað eftir að gerðar verði breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra á landi í Gunnarsholti og landi Geldingalækjar, samtals um 60 hekturum. Landinu verði breytt úr landbúnaðarsvæði í iðnaðar- og athafnasvæði. Félagið hefur í hyggju að framleiða skógarplöntur á umræddri landspildu og liggur fyrir rammasamningur á milli ríkisins og félagsins um leigu á landinu. Gert er ráð fyrir að plantað verði trjám umhverfis starfseminna, í um 20-30 hektara svæði, sem skjólbelti innan lóðarmarka.

Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra lagði til í vor að sveitarstjórn samþykkti að gerðar yrðu nauðsynlegar breytingar á landnotkun svæðisins í aðalskipulagi Rangárþings ytra og að svæðið yrði skilgreint sem iðnaðar- og athafnasvæði. Sveitarstjórnin staðfesti niðurstöðu nefndarinnar í maí og í sumar var samþykkt að veita heimild til að vinna að gerð deiliskipulags fyrir svæðið samhliða breytingunni á aðalskipulaginu.

Í skipulagslýsingu, sem verkfræðistofan Efla vann og lögð var fram í júní, segir að skortur sé á skógarplöntum hérlandis og muni framleiðslan leiða til aukins framboðs og stuðla þannig að



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Samstarf Samkomulagið milli FSRE og Gbest hljóðar upp á að breyta landbúnaðarlandi í iðnaðar- og athafnasvæði með 50 ára lóðarleigusamningi.

aukinni skógrækt og styðja við framtíðarmarkmið Íslands um kolefnishlutleysi. Með tilkomu þessa verkefnis muni fjöldi starfa verða til, innan héraðs og um land allt vegna aukinnar skógræktar og umhirðu skóga auk beinna og óbeinna starfa við framleiðslu skógarplantna í Gunnarsholti. Fyrirhuguð uppbygging leiði til betri nýtingar á innviðum sem til staðar eru í Gunnarsholti, t.a.m. hitaveitu og núverandi aðstöðu fyrir starfsfólk.

Ríkisland til einkareksturs

Í samkomulaginu um afnot af ríkislandi til atvinnurekstrar kemur fram að Gbest hyggist byggja upp og reka skógarplöntuframleiðslu á svæðinu og byggja starfsemi sína upp í áföngum. Samkomulagið er gert til þess að báðir aðilar séu upplýstir um hvaða skref þarf að stíga til að komast á samningsstíg.

Breyting á aðalskipulagi er unnin af sveitarfélaginu en deiliskipulag skal unnið að frumkvæði leigutaka í samráði við sveitarfélagið og skal það borið undir FSRE. Gbest ehf. hefur 1,5 ár frá því að Skipulagsstofnun staðfestir breytingu á aðalskipulagi í B-deild Stjórnartíðinda til þess að ljúka gerð deiliskipulags.



Morgunblaðið, 13.08.2024, síðu 2.
grein stærð: 154.56 sm²
grein hæð: 15.04 sm

Virkjunarleyfi fyrir vindorkuveri

● Sækja um framkvæmdaleyfi næst

Orkustofnun afgreiddi í gær virkjunarleyfi fyrir vindorkuverinu Búrfellslundi við Vaðöldu. Landsvirkjun mun í kjölfarið sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar Rangárbings ytra.

Í tilkynningu frá Landsvirkjun segir að búið sé að ganga frá tengisamningi við Landsnet og að verið sé að leggja lokahönd á samning um lands- og vindorkuréttindi við ríkið. Hvort tveggja er mikilvægur áfangi í undirbúningsferli virkjunarkostsins.

Rannsóknir hafa gengið vel

Búrfellslundur var settur í nýtingarflokk rammaáætlunar árið 2022 og verður fyrsta vindorkuver landsins. Gert er ráð fyrir að 28-30 vindmyllur risi sunnan Sultartangastíflu á 17 ferkílómetra svæði. Uppsett afl verður um 120 MW, að því er segir í tilkynningunni.

Landsvirkjun auglýsti útboð snemma þessa árs á vindmyllum fyrir Búrfellslund, með fyrirvara um leyfis- og skipulagsmál. Sú leið var farin til að styrkja líkurnar á að vindmyllurnar yrðu farnar að skila orku inn á raforkuferfið



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Búrfellslundur Orkustofnun hefur afgreitt virkjunarleyfi.

fyrir árslok 2026, eins og áætlanir gera ráð fyrir.

Jarðtæknirannsóknir sem hófust í vor hafa gengið vel og er gert ráð fyrir að þeim ljúki í haust.

Ef öll tilskilin leyfi fást tekur stjórn Landsvirkjunar að lokum endanlega ákvörðun um hvort ráðist verði í verkefnið, segir í tilkynningunni.



Morgunblaðið, 14.08.2024, síðu 12.
grein stærð: 404.05 sm²
grein hæð: 25.95 sm

Búrfellslundur ekki kominn fyrir vind

Í BRENNIDEPLI

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is



Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun skoða, væntanlega á fundi sínum í næstu viku, hvort virkjunarleyfi fyrir vindorkugarðinn Búrfellslundur sem Orkustofnun veitti Landsvirkjun fyrr í þessari viku verði kært til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þetta staðfestir Haraldur Þór Jónsson oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps í samtali við Morgunblaðið. Hann segir að kærufrestur virkjunarleyfisins sé 30 dagar og verði málið ekki á dagskrá næsta fundar verði það tekið fyrir á fundi í byrjun september.

Fyrirhugað vindorkuver, Búrfellslundur, mun rísa við Vaðöldu sunnan Sultartangastíflu í Þjórsá. Gert er ráð fyrir að þar rísi allt að 30 vindmyllur og er áætluð turnhæð vindmyllanna 95 metrar, en hámarkshæð þeirra verður allt að 150 metrar þegar vindmylluspaðarnir verða í hæstu stöðu. Uppsett afl vindorkugarðsins verður 120 megavött, en áætluð meðalorkuframléiðsla er 440 gígavattstundir á ári. Líftími vindmyllanna er áætlaður 25-30 ár.

Taka afstöðu þegar erindi berst

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri Rangárþingis ytra segir að niðurstaða Orkustofnunar hafi ekki komið á óvart. Málið hafi verið lengi í ferli og nú verði það verkefni sveitarstjórnarinnar að skoða næstu skref, þegar beiðni um framkvæmdaleyfi bærast frá Landsvirkjun.

„Við skoðum það erindi þegar þar að kemur og tökum afstöðu til þess,“ segir hann, en vill ekki tjá sig um líkleg viðbrögð sveitarstjórnarinnar.

Sitja uppi með áhrifin

„Þarna á að byggja vindorkugarð á sveitarfélagamörkum þar sem áhrifasvæði þess spannar tvö sveitarfélög, en í raun hafa bara verið samskipti við annað þeirra,“ segir Haraldur Þór og vísar þar til samskipta Orkustofnunar og Landsvirkjunar við Rangárþing ytra, en áformaður Búrfellslundur er innan marka þess sveitarfélags, ekki Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

„Við sitjum uppi með áhrifin en höfum ekkert um málið að segja og teljum að þetta sé fordæmisgefandi



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Búrfellslundur Vindmyllurnar sem reisa á í Búrfellslundi verða engin smámiði. Með spaðana í hæstu stöðu verða þær um 150 metrar háar.

fyrir það sem koma skal. Munu sveitarfélög geta tekið ákvarðanir um að staðsetja vindorkugarða þar sem þeim hentar, en ekki sveitarfélaginu við hliðina?“ spyr hann.

„Þegar við horfum í dag á hátt í 50 vindorkukosti í rammaáætlun, þá eiga svona mál eftir að koma upp ítrekað. Ég held að allir geri sér grein fyrir því að vindorkugarðar hafa ekki mikið aðdráttarafl og þarna við hliðina erum við með þjóðlendir og ferðamannastaði þar sem mikil uppbygging er áformuð. Þetta er anddyrið að hálendinu. Ég held að enginn myndi fagna vindorkugarði við hliðina á ferðamannastöðum eins og Gullfossi, Geysi, Þingvöllum eða Seljalandsfossi,“ segir Haraldur Þór.

Ekki í sátt við nærumhverfið

Haraldur Þór nefnir einnig að mikil áhætta sé í því fólgin að staðsetja vindorkugarð á þessu svæði þar sem mest raforkuframléiðsla eigi sér stað sem er jafnframt eitt virkasta eldfjallasvæði landsins. Sveitarfélagið hafi gagnrýnt tekjuskiptingu af orkumannvirkjum, en það mál sé óklárað enda þótt framlagning frumvarps á Alþingi þar um hafi verið boðuð. Hann tekur þó fram að sveitarstjórnin sé ekki á móti frekari orkuuppbyggingu, enda mikil orkuframléiðsla í sveitarfélaginu.

„Þetta snýst um vinnubrögðin, samtalið og nærumhverfið og við teljum að þarna sé ekki verið að vinna í sátt við það,“ segir hann.



Morgunblaðið, 15.08.2024, síðu 4.
grein stærð: 354.46 sm²
grein hæð: 22.90 sm

Segjast sitja uppi með neikvæð áhrif

● Sveitarstjórn gagnrýnir virkjunarleyfi fyrir Búrfellslund

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is

Uppbyggingu vindorkuvera þarf að vinna í samstarfi við sveitarfélögin á áhrifasvæði þeirra en ekki einungis þar sem vindmyllurnar fara ofan í jörðu. Forsenda frekari orkuvinnslu er að klára stefnumörkun í samvinnu við sveitarfélög og leiða í lög nýja skattalega umgjörð sem tryggir nærumhverfinu efnahagslegan ávinning svo þau geti geti vaxið til framtíðar á forsendum verðmætasköpunar og lífsgæða. Svo segir í tilkynningu sem sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur sent frá sér.

Tilfnið er útgáfa virkjunarleyfis fyrir Búrfellslund sem Landsvirkjun var veitt og Orkustofnun gaf út sl. mánudag. Í Morgunblaðinu í gær sagði Haraldur Þór Jónsson oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps að sveitarstjórnin væri með til skoðunar að kæra útgáfu leyfisins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og verður ákvörðun þar um tekin á næstu vikum.

Fram kemur að forsendan fyrir staðsetningu Búrfellslundar séu innviðir raforkuferfisins í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, en í umhverfismati Búrfellslundar komi fram að framkvæmda- og áhrifasvæði Búrfellslundar sé í báðum sveitarfélögum, þ.e. í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra. Þrátt fyrir það hafi ekki verið sótt um að setja Búrfellslund í skipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þótt óumdeilt sé að áhrifasvæði Búrfellslundar sé í hreppnum, á hálendinu við hliðina á þjóðlendunni í Þjorsárdal þar sem mikil uppbygging í ferðaþjónustu eigi sér nú stað.

Sveitarstjórnin gagnrýnir stjórnvöld fyrir hafa ekki lokið stefnumörkun um uppbyggingu vindorkuvera, sem og að hafa ekki sett lagaumgjörð utan um komandi uppbyggingu vindorkuvera. Þá hafi stjórnvöld ekki lagt fram breytingar á skattaumgjörð orkuvinnslu eins og boðað hafi verið af forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar.

Bent er á að sveitarstjórn Rangárþings



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Búrfellslundur Umhverfisáhrif vindmyllanna við Vaðöldu verða neikvæð að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem íhugar kæru.

þings ytra – en Búrfellslundur verður í sveitarfélaginu – standi frammi fyrir því að veiti hún framkvæmdaleyfi fyrir vindorkugarðinum verði sveitarfélagið fyrir beinu fjárhagslegu tjóni, þar sem tekjur af fasteignagjöldum orkuversins leiði til skerðingar á framlögum jöfnunarsjóðs. Skerðingin nemi hærrí upphæð en væntar tekjur sveitarfélagsins af Búrfellslundi. Það skýrist af því að um 95% af orkumannvirkjum séu undanþegin greiðslu fasteignagjalda sem leiði til þess að sveitarfélög tapi á orkumannvirkjum svo milljónum skipti.

Vakin er athygli á því að þess sé skammt að biða að Orkustofnun veiti virkjanaleyfi fyrir Hvammsvirkjun í Þjorsá. Sama muni gerast með þeirri framkvæmd hjá Rangárþingi ytra. Auknar tekjur af fasteignagjöldum Hvammsvirkjunar til Rangárþings

ytra muni auka skerðingar frá jöfnunarsjóði og tap Rangárþings ytra vaxa enn frekar þar með.

„Sveitarfélögin á áhrifasvæði Búrfellslundar, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Rangárþing ytra og Ásahreppur, munu sitja uppi með öll neikvæðu umhverfisáhrifin af Búrfellslundi. Náersamfélagið í sveitarfélaginum situr uppi með fjárhagslega tapið. Á rekstrartíma Búrfellslundar verða erlendir sérfræðingar sem munu reka Búrfellslund og mun hann því ekki skila neinum staðbundnum störfum í nærumhverfinu og þar af leiðandi engum útsvarstekjum í nærumhverfið. Öll orkan sem Búrfellslundur framleiðir verður flutt út af svæðinu og því mun ávinningurinn aðeins skila sér til þeirra sem nota orkuna,“ segir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.



Morgunblaðið, 15.08.2024, síðu 4.
grein stærð: 153.54 sm²
grein hæð: 15.06 sm

Samið um lands- og vindorkurétt

● Ríkið og Landsvirkjun skrifa undir

Samningur um lands- og vindorkuréttindi vegna fyrirhugaða vindorkuversins Búrfellslundar var undirritaður í gær. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkur samningur er gerður, en Búrfellslundur liggur innan þjóðlendu. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Landsvirkjun.

Það voru þeir Bjarni Benediktsson forsætisráðherra fyrir hönd ríkisins og Hörður Arnarson fyrir hönd Landsvirkjunar sem undirrituðu samninginn.

Gildistími samningsins er 35 ár með möguleika á framlengingu um 15 ár. Búrfellslundur verður innan staðarmarka Rangárþings ytra og er leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar áskilið til nýtingar á réttindum innan þjóðlendu, annarra en vatns- og jarðhitaréttinda. Segir í tilkynningunni að slíkt leyfi liggja fyrir og sé ein af forsendum samningsins.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur þó enn ekki gefið framkvæmdaleyfi fyrir vindorkuverinu, en í Morgunblaðinu í gær sagði Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri Rangárþings ytra að það mál yrði skoðað þegar umsókn þar

um bærist frá Landsvirkjun.

Virkjunarkosturinn Búrfellslundur var settur í nýtingarflokk rammaáætlunar árið 2022 og verður fyrsti vindorkugarður landsins, fáist öll tilskilin leyfi.

„Það er ákaflega ánægjulegt að samkomulag um lands- og vindorkuréttindi sé í höfn. Landsvirkjun hefur vandað mjög til verka við undirbúning Búrfellslundar og samningurinn er mikilvægur áfangi í átt að því að verkefnið verði að veruleika,“ er haft eftir Herði Arnarsyni forstjóra Landsvirkjunar í tilkynningunni.

Þá er haft eftir Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra að það sé fagnaðarefni að vindorkan verði þriðja stoðin í orkukerfi landsins.

Svo sem fram hefur komið gaf Orkustofnun út virkjunarleyfi fyrir Búrfellslundi fyrr í vikunni. Áformað er að Landsvirkjun sækir um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar Rangárþings ytra innan skamms. Verði á það fallist af hálfu sveitarstjórnarinnar, mun stjórn Landsvirkjunar taka endanlega ákvörðun um hvort ráðist verði í verkefnið.



Vindmyllur fá grænt ljós

Gefið hefur verið út virkjanaleyfi fyrir fyrsta íslenska vindorkuverið, Búrfellslund Landsvirkjunar.

Orkustofnun afgreiddi hinn 12. ágúst virkjunarleyfi fyrir Búrfellslund, sem standa á við Vaðöldu. Landsvirkjun mun í kjölfarið sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar Rangárbings ytra þar sem virðist ríkja jákvæðni gagnvart verkefninu. Í tilkynningu frá Landsvirkjun segir að búið sé að ganga frá tengi- samningi við Landsnet og verið að leggja lokahönd á samning um lands- og vindorkuréttindi við ríkið. Hvort tveggja séu mikilvægir áfangar í undirbúningsferli virkjunarkostsins. Ef öll tilskilin leyfi fáiast taki stjórn Landsvirkjunar endanlega ákvörðun um hvort ráðist verði í verkefnið.

Hátt í þrjátíu vindmyllur

Búrfellslundur var settur í nýtingarflokk rammaáætlunar árið 2022 og verður fyrsta vindorkuver landsins. Gert er ráð fyrir að 28-30 vindmyllur rísi sunnan Sultartangastíflu á 17 ferkílómetra svæði. Uppsett afl verður um 120 MW. Landsvirkjun auglýsti útboð snemma þessa árs á vindmyllum



Búrfellslundur við Vaðöldu. Um 30 vindmyllur eru áætlaðar sunnan Sultartangastíflu við Vaðöldu, með uppsett afl um 120 MW. Mynd / Landsvirkjun

fyrir Búrfellslund, með fyrirvara um leyfis- og skipulagsmál. Sú leið var, skv. tilkynningu Landsvirkjunar, farin til að styrkja líkurnar á að vindmyllurnar verði farnar að skila orku inn á raforkukerfið fyrir árslok 2026, eins og áætlanir geri ráð fyrir.

Landsvirkjun hefur ekki viljað gefa upp áætlaðan heildarkostnað við verkefnið þar sem það sé í útboðsferli.

Ekki allir á eitt sáttir

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur mótmælt

vinnubrögðum Landsvirkjunar í undirbúningi að vindorkuverkinu. Hún telur stjórnvöldum ekki heimilt að veita leyfi tengt Búrfellslundi samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Fleiri aðilar, t.d. Landvernd, kalla eftir skýru regluverki og umgjörð frá stjórnvöldum áður en gefið verði grænt ljós á vindmyllugarða.

Jafnframt hefur sveitarstjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps sagt að Búrfellslundur, ef af verður, muni takmarka möguleika sveitarfélagsins til uppbyggingar í ferðaþjónustu og útivist á svæðinu. /sá



Bændablaðið, 15.08.2024, síðu 22.
grein stærð: 350.29 sm²
grein hæð: 22.68 sm

Sumar 2024:

Gerum okkur dagamun

Nú eru síðustu hátíðir sumarsins að líta dagsins ljós og með það til hliðsjónar er hér ör lítið yfir lit yfir nokkrar þær skemmtanir og húllumhæ sem má finna hérlandis.

Hér til hliðar má sjá brot af því helsta sem er á döfenni í ágústmánuði, fyrir þá sem vilja gera sér dagamun, en upptakomur næstu vikna verða á dagskrá í næstu blöðum. Hér er um auðugan garð að gresja og næsta víst að ekki komist allt á lista.

Fyrir þá sem vilja koma á framfæri hvers konar skemmtunum, opnunum eða upptakomum, má hafa samband í gegnum netfangið sigrunpeturs@bondi.is og við reynum okkar besta til að koma því að.

Töðugjöld í þrjátíu ár

Þrjátíu ára afmæli Töðugjaldanna á Hellu fer fram þessa dagana í Rangárþingi ytra. Fjölskylduhátíðin hófst 11. ágúst og stendur til 18. ágúst.

Í tilefni af hátíðarhöldum hafa fjölmargir íbúar skreytt íbúðarhúsin sín og garða og fegrað nærumhverfi sitt með þemalítum. Þannig má sjá gular skreytingar austan Hellu, grænar og appelsínugular vestan Hellu og rauður litur er allsráðandi í Þykkvabæ.

Einn af hápunktum töðugjaldanna er ókeypis morgunmatur sem borinn er fram í íþróttahúsinu á Hellu laugardaginn 17. ágúst frá kl. 10–12 en þar mun Harmonikkufélag Suðurlands m.a. spila og umhverfisverðlaun og menningarverðlaun Rangárþings ytra verða afhent.

Þennan sama dag verður líka bílasýning á árbakkanum á Hellu og vegleg fjölskyldudagskrá í íþróttahúsinu. Að kvöldi 17. ágúst verður svo glæsileg kvöldvaka við íþróttavöllinn á Hellu sem enginn ætti að missa af.

Danskir dagar í Stykkishólmi einnig þrítugir

Nú eru þrjátíu ár liðin síðan Danskir dagar voru haldnir í fyrsta sinn en þessi bæjarhátíð hefur verið haldin allt frá árinu 1994.

Hátíðin dregur nafn sitt af því að bærinn þótti svo danskur að Hólmarar voru sagðir tala dönsku á sunnudögum. Var hún fyrst haldin á 50 ára afmæli lýðveldisins og segir sagan að Ólafur H. Sverrisson, þáverandi bæjarstjóri, hafi tekið fram í setningarræðu að samskipti Dana og Íslendinga hefðu ætíð verið allnokkur, ekki síst í Stykkishólmi þar sem danskir menn og konur hefðu verið áberandi í bæjarlífinu.

Var Stykkishólmur miðstöð verslunar á Vesturlandi á meðan Danir réðu hér lofum og lögum.

Má nærri geta að mikið verður um að vera dagana 15.–18. ágúst, líf og fjör í hvívetna. Til dæmis mætir Jørgen Olsen á staðinn, en hann er annar Olsen bræðra sem unnu Eurovision-keppnina eftirminnilega með laginu „Fly on the Wings of Love“ árið 2000. Þannig nú er um að gera að mæta á svæðið og njóta tilverunnar. /sp & mhh



BMX brós sýna listir sínar við mikla aðdáun viðstaddra.

Mynd / Rangárþing ytra



Það er fríður hópur bjór- og freyðivínshlaupara sem hér stillir sér upp.

Mynd / Hjördis Pálsdóttir



Lúðrasveit Stykkishólms lék á als oddi 1994. Mynd / timarit.is



Bændablaðið, 15.08.2024, síðu 22.
grein stærð: 393.81 sm²
grein hæð: 38.35 sm

Ágústmánuður

Þriðja helgin, 16.–18. ágúst

Dagana 11.–18. ágúst fer fram hátíðin Töðugjöld – Bæjarhátíð á Hellu á Rangárvöllum sem býður gestum sínum 13–16 ára upp á að taka þátt í axarkasti og bogfimi, sýningu BMX brós, ljúfa tóna frá Harmonikkufélagi Suðurlands sem þenur nikkurnar, hnallþórukeppni, legóbyggingarkeppni, kvöldvökur, tónleika og margt, margt fleira. Nánari upplýsingar má finna í Töðugjaldabæklingnum, en hlekkur á hann er á Facebook-síðu Töðugjalda. Á hátíðin 30 ára afmæli í ár og því mikið um að vera.



Frækni kappar í fyrra.
Mynd / Hjördís Pálsdóttir

15.–18. ágúst fer bæjarhátíð Hveragerðis, Blómstrandi dagar, fram, en um ræðir fjölskylduhátíð af besta tagi. Tónleikar, markaðir, sýningar, leikir, brekkusöngur, tívolí, flugeldasýning og fjör úti um allan bæ.

Sveitasæla í Skagafirði, landbúnaðarsýning og bændahátíð verður haldin á Sauðárkróki þann 19. ágúst í Reiðhöllinni Svaðastöðum. Mikið verður um að vera, allt frá hoppuköstulum, hrútaðómum og kálfasýningum til véla- og fyrirtækjasýninga.

Bæjarhátíðin Fjölskyldudagar í Vogum Vatnsleysuströnd, fer fram 15.–18. ágúst og boðið upp á hina ýmsu skemmtan á borð við hamburgaragrill, bubblubolta, tónleika, varðeld, flugeldasýningu og margt fleira.

Útsæðið, Bæjarhátíð Eskifjarðar, verður haldin dagana 15.–18. ágúst og fá gestir að njóta ýmissa skemmtana og samveru. Kvöldvaka, flugeldasýning o.fl.



Þessir feðgar eru alltaf í rokna stuði. Mynd / Aðsend

Dagana 15.–18. ágúst fer bæjarhátíðin Reykhóladagar fram, en í fjölbreyttri dagskrá má finna eitthvað við allra hæfi. Sirkus Íslands kemur fram auk þess að snúa blöðrum eftir sýninguna. Kandífflossvél verður í gangi, svo og krapvél, pylsur grillaðar, teymt verður undir börnum, andlitsmálning og froðudískó. Stiklur Ómars Ragnarssonar verða sýndar undir pönnukökuáti ef fólk vill kaupa gómsætar kökurnar, kántrítónleikar verða í gangi, sundlaugarpartí unglunga í Grettislaug, súpa í heimahúsum, kassabílarallí, karaóki fyrir 13–17 ára, dráttarvélafimi, þarabolti og bjórhlauð auk þess sem Herbert Guðmunds og sonur hans, Guðmundur Herberts, trylla lýðinn á föstudagskvöldinu.

Ein elsta bæjarhátíð landsins, Danskir dagar í Stykkishólmi, er 30 ára nú dagana 15.–18. ágúst og má nærri geta að gestir eigi von á húllumhæi í tilefni afmælisins. Stuðlabandið spilar, keppt verður í bjór / freyðivínshlaupi, froðurennibraut í hótélbrekkunni í boði Fosshótel (börn á ábyrgð forráðamanna), veltibíll og tívolí eru á staðnum auk flugeldasýningar svo fátt eitt sé nefnt ... og fyrir Eurovision-aðdáendur má ekki gleyma að segja frá því að Jørgen Olsen, stórsöngvarinn og Eurovision-sigurvegarinn mætir galvaskur á svæðið.

Hvalfjarðardagarnir verða haldnir 16.–18. ágúst, fjölbreytt og skemmtileg dagskrá verður í boði fyrir alla fjölskylduna.

Fjórða helgin, 23.–25. ágúst

Bæjarhátíð á Seltjarnarnesi verður haldin sunnudaginn 25 ágúst. Fjölbreytt dagskrá gleður gesti, m.a. verður opið í vitann, klifurmeistara á borð við Spiderman bregður mögulega fyrir, lífríkið við Gróttu rannsakað, vöflukaffi og pylsur verða á staðnum svo og ljúfir hamonikkutónar.

Grímsævintýri í Borg fer fram þann 24. ágúst á milli kl. 13-16. Tombóla í gangi - ekkert núll og einungis 500kr. miðinn. Klifurveggur, blúndukaffi, markaður, Sirkus Ananas, andlitsmálun og margt fleira mun gleðja gesti.

Menningarnótt í Reykjavík. Stærsta afmælis- og borgarhátíð Reykjavíkur verður haldin laugardaginn 24. ágúst 2024. Segja má að hátíðin sé hápunktur sumarsins þar sem skemmtilegir viðburðir lita mannlífið í miðborginni frá morgni til kvölds fyrir alla þá sem vilja taka þátt í hátíðinni og skemmta sér. Það er orðin hefð hjá mörgum fjölskyldum og vinahópum að mæla sér mót á menningarnótt og eiga skemmtilegan dag saman. Tónleikar, skemmtanir og flugeldasýning.



Það er alltaf stuð á menningarnótt.

Mynd / Reykjavíkurborg



FRÉTTIR VIKUNNAR

Dagur í orlofi

10.8.-16.8.

Andrés Magnússon
andres@mbl.is



Gleðiganga Hinsegin daga fór fram í Reykjavík og tókst vel, utan þess að tveir skrautvagnar í göngunni rákust í grindverk og stólpa við þröngt götuhorn við **Skólavörðustíg**. Engin slys urðu á fólki.

Fjárhagsstaða **Grindavíkur** er mikið áhyggjuefni, enda velflestir **tekjustofnar** brostnir. Um þriðjungur íbúa er þegar kominn með lögheimili annars staðar en hið opinbera uppkaupafélag Þórkatla greiðir ekki fasteignagjöld lögum samkvæmt.

Íbúum landsins fjölga enn, en þeirrar fjölgunar gæti nánast um **land allt**, í 52 sveitarfélögum af 63.

Dagbjört Guðrún Rúnarsdóttir, sem dæmd var í 10 ára fangelsi fyrir að pynda sambýlismann sinn til dauða, **áfrýjaði** dómnum. Það kom mörgum á óvart, enda þótti dómurinn mildur. Sérfræðingar telja að við áfrýjun kunnir hún að verða sakfelld fyrir manndráp og dómurinn þyngdur.

Brúargerð yfir **Hornarfjarðarfljót** hefur valdið miklum búsigfum, því framkvæmdirnar ollu **flóðum** eftir miklar rigningar, líkt og raunar hafði verið varað við að gæti gerst. Hefur mikið tjón orðið á kartöfluökum.

Reykjavíkurborg hefur ekki á reiðum höndum hvað viðgerð á nýja ónýta leikskólanum **Brákarborg** muni að endingu kosta. Kostnaðurinn við hann er þegar kominn á þriðja milljarð króna.

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra kvaðst vongóður um að unnt yrði að ljúka sölu á hlut ríkisins í **Íslandsbanka** í vetur.

Þrátt fyrir votviðrissur tekur **Landsvirkjun** ósennilegt að Þórisvatn fyllist í haust. Því þurfi mögulega að grípa til **skerðinga** á raforkuafhengingu í vetur.

Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði merki um **kólnun** í hagkerfinu. Það væri tækifæri til þess að ná verðbólgu niður en það gerðist ekki án aukins húsnæðisframboðs.

Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, sagði „ófaglegt“ að gera samanburð á **grunnskólum**. Samræmdar mælingar væru mikilvægar en ættu aðeins að vera fyrir skólayfirvöld. Alls ekki nemendur eða foreldra.

Á sama tíma stóðu öll spjót á **Ásmundi Einari Daðasyni** menntamálaráðherra vegna ólesturs í **grunnskólum** landsins, en hann sinnir hvorki lagaskyldu um skýrslugjöf til Alþingis, erindum eftirlitsstofnana né fyrirspurnum fjölmiðla um það allt.

Maður þurfti að **ganga** heila nótt í slagviðri og myrkrir á **Snjáfjallaströnd** eftir að bíll hans festist, um 20 km leið að næsta bæ.

Ekkert bendir til annars en að **hjálpabeidni** erlendra ferðamanna í Kerlingarfjölum hafi verið **gabb**. Um 200 hjálparliðar leituðu þeirra í fyrri viku þegar hæst stóð.

Lögmaður **Helga Magnúsar Gunnarssonar** vararíkissaksóknara krefst þess að dómsmálaráðherra hafni beiðni **Sigríðar Friðjónsdóttur** ríkissaksóknara um að hann verði sendur í leyfi. Hann sé skipaður af ráðherra og þaðan þurfi því áminningar að koma.

Orkuveitan boðaði uppbyggingu orkuinnviða til að svara eftirspurn fjölda nýrra fyrirtækja í **Ölfusi** á næstu árum. Það myndi bæði gerast með aukinni nýtingu gamalla virkjunarsvæða og nýframkvæmdum. Meira en áratugur getur þó liðið þar til af því verður.

Orkustofnun afgreiddi leyfi fyrir 120 MW **vindorkuveri** Landsvirkjunar í **Búrfellslundi**. Enn hefur þó ekki verið tekin ákvörðun um að reisa það, enda mikil framkvæmd með miklu raski, en ávinningurinn hóflegur.



Morgunblaðið/Ólafur Árdal

Gleðigangan er árviss hápunktur Hinsegin daga í Reykjavík og hún var engin undantekning í ár.

Sigurður Ingi Jóhannsson fjármálaráðherra og bóndi í Syðra-Langholti hafnaði hugmyndum Viðskiptaráðs um **afnám tolla** á innflutt matvæli. Útlendingar kynnu ekki að búa til mat.

Aðalmeðferð var fyrir **hlutdeild** í enn einu „stóra kókaínmalinu“ en þar er borinn sökum maður sem áður hefur tengst svipuðum málum og dvalist lengi í **Brasilíu**.

Annað stórt **fíkniefnamál** var þingfest, en þar eru **18** manns sakborningar. Þeir neita allir sök.

Lundinn er vel á sig kominn í ár og **pysjunum** vegnar vel. Stofninn varð fyrir nokkrum skakkaföllum liðin ár.

Hörður Jón Fossberg Pétursson, bólstrari og kaupmaður, dó 93 ára.

Fram kom að félagsmálaráðuneytið greiddi í fyrra tæpa fimm **milljarða** vegna búsetu **hælisleitenda**. Meiri athygli vakti þó að helmingurinn var vegna **öryggisgæslu**, hálfum milljarði meira en fór í húsaleiguna.

Í Hreppnum eru ekki allir á eitt sáttir um **virðunarylfir** í Búrfellslundi. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps ræðir að **kæra** leyfið, þar sem hann verði fyrir verulegum áhrifum af því, en Rangárþing ytra, þar sem lundurinn er, fái af því allan ávinning.

Viðskiptaráð óskaði eftir upplýsingum frá menntamálaráðherra um niðurstöður **námsmats** í grunn-

skólum. Skal það hér með tilnefnt til bjartsýnisverðlauna fyrir það.

Verktakinn Þingvangur hefur **frestað** byggingu **140 íbúða** í Hafnarfirði þar sem vaxtakostnaður sé alltof íþyngjandi.

Haldór Bragason, gítarleikari og blúsfrömuður, fór í eldsvoða við Amtmannsstíg.

Dagur B. Eggertsson fékk tíu milljónir króna í **orlofsgreiðslu**, þegar hann skipti um starf í ráðhúsinu og færði sig úr trúni borgarstjóra yfir í háseti formanns borgarráðs. Þar hafði verið sópað saman óteknum orlofsdögum frá síðustu **tíu árum**, alls 69 talsins eða um þrjár og hálfur mánuður.

Orkuskortur vofir enn yfir Íslandi að sögn **Guðlaugs Þórs Þórðarsonar** orkumálaráðherra.

Heildarkostnaður vegna **hælisleitenda** nam ríflega sex milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum liðins árs. Frá árinu 2018 er hann alls rúmum **20 milljarðar** og veruleg aukning orðið milli ára.

Í ljós kom að í gervalli Evrópu eru hlutfallslega flest **störf** tengd **íþróttum** á Íslandi, 2,57% af heildarfjölda starfandi. Það er ríflega þrefalt meðaltal Evrópu og næstum tvöfalt meira en í Svíþjóð, sem kemur næst á eftir.

Tölvurisinn **Apple** er með myndatökuteymi í landinu til þess að gera

þrívíddarmyndir fyrir vegakort sín og vill mynda mannláusan **Grindavíkurbæ**, en þangað fer nú enginn án sérstaks leyfis.

Sex sóttu um embætti forstjóra nýrrar **Umhverfis- og orkustofnunar**. Athygli vakti að **Halla Hrund Logadóttir** orkumálastjóri er þar ekki á meðal, en hún hafði áður sagst myndu sækjast eftir því.

Borgarfulltrúar úr bæði meirihluta og minnihluta létu í ljós áhyggjur vegna orlofsmála **Dags B. Eggertssonar**. **Þórdís Lóa Þórhallsdóttir** sagði að allir yrðu þar að sitja við sama borð, en **Kolbrún Baldursdóttir** kvaðst ekki vita til þess að öðrum borgarstarfsmönnum byðust sömu kjör.

Þórarinn Eyfjörð formaður **Sameykis**, sem á í samningaviðræðum við borgina, sagði að **fordæmi** borgarstjórnars fyrrverandi yrði haldið á lofti og sömu réttindi sótt fyrir alla starfsmenn.

Apabóla gæti borist til Íslands, en ekki er talið að hún nái mikilli útbreiðslu þrátt fyrir allt.

Fjórir sækja um embætti **umboðsmanns** Alþingis, þau **Anna Tryggvadóttir**, **Hafsteinn Þór Hauksson**, **Krístín Benediksdóttir** og **Reimar Pétursson**.

Ingólfur Bender, aðalhafgræðingur Samtaka iðnaðarins, segir að á næstunni dragi úr **íbúðaframboði**, en það rekur hann til hárra vaxta.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Afl Vindmyllurnar á Hafinu ofan við Búrfell. Til vinstri á myndinni sést Þjórsá, en handan hennar er komið í Rangárþing ytra. Innan landamæra þar og ofar í landinu á Vaðöldu stendur til að reisa um 30 myllur.

Myllur hafa meðbyr

● Jákvæð viðhorf í Rangárþingi ytra til vindorkuvers en vilja meiri tekjur af náttúrugæðum ● Einföld sanngirni

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Þegar umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir vindorkuver kemur til afgreiðslu geri ég ekki ráð fyrir öðru en jákvæðum undirtektum hér. Þetta verkefni virðist hafa meðbyr; að minnsta kosti eru óánægjuraddir ekki háværar,“ segir Eggert Valur Guðmundsson oddviti Rangárþings ytra. Sem kunnugt er gaf Orkusstofnun á dögunum útleifi fyrir virkjun vindorku í Búrfellslundi, á svonefndri Vaðöldu, sem er nærri Sultartangastíflu. Þar er ætluð Landsvirkjunar að reisa 28-30 vindmyllur á 17 ferkílómetra svæði. Uppsett afl þeirra verður um 120 MW. Sú orka er lítið eitt minni en uppsett afl Sultartangavirkjunar, sem er þarna skammt frá og nýttir fall Tungnaár.

Nærsamfélagið njóti arðs af nýtingu

Skipulagsmál vegna vindorkuversins eru í höfn og jarðvegsrannsóknir hafa verið gerðar. Í Rangárþingi ytra hefur Lands-

virkiun verið með starfsemi í áratugi á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu og starfsemin skipt samfélagið miklu máli. Skapað mörgum atvinnu, sérstaklega á framkvæmdatímum, að sögn oddvitans. Slíkt ásamt öðru eigi vafalaust sinn þátt í því að afstaða íbúa til vindorkuvers við Sultartanga er frekar jákvæð. Það hafi komið skýrt fram í viðhorfskönnun sem sveitarfélagið lét gera fyrr á þessu ári.

„Þótt við munum að öllu óbreyttu taka jákvætt í umsókn um framkvæmdaleyfi vegna Búrfellslundar höfum við samt ákveðna fyrirvara. Tryggja verður að nærsamfélagið hér um slóðir njóti í einhverjum mæli þess arðs sem nýting vindorkunnar þarna mun skapa. Staðan er þannig að þegar hafa verið gerðir sölusamningar vegna þeirrar orku sem þarna verður framleidd og því miklir hagsmunir í húfi,“ segir Eggert Valur.

Fasteignagjöldin verða óveruleg

Oddvitinn tiltekur að Rangárþing ytra og Landsvirkjun þurfi að ná samfélagssáttmála um aðkomu fyrirtækisins að mikilvægum innviðamálum í héraði og leggja þeim lið, eins og oft hefur verið gert. Uppbygging þjóðvegarins í Landsveit, þar sem slitlagi sleppir ofan við Galtalæk, alls 14,5 km að fyrirhuguðu virkjunarsvæði á Vaðöldu, sé dæmi um aðkallandi mál.

Þar sé leiðin að virkjanasvæðunum auk þess sem þetta sé fjölfarin leið, til dæmis í Landmannalaugar, Veidivötn og inn á Sprengisand. Þá sé margvísleg uppbygging tengd ferðapjónustu fyrirhuguð í Fossbrekkum, sem eru við Ytri-Rangá efst í Landsveitinni.

„Okkur reiknast svo til að fasteignagjöld á vindmyllurnar verði mjög óveruleg eða sem nemur kostnaði vegna eins stöðugildis grunnskólakennara. Það kemur til vegna skerðingar framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Menn hafa skotið á að tekjur í fasteignagjöldum af myllunum gætu orðið um 60 milljónir króna á ári hverju en þegar skerðingar hafa verið reiknaðar á móti verði þetta um 12 milljónir króna,“ segir Eggert Valur og að síðustu:

Vilja eðlilega tekjuskiptingu

„Eðlilega viljum við fá meiri tekjur af vindorkunni en nú er lagt upp með. Leggjum þess vegna ríka áherslu á að Alþingi ljúki afgreiðu á nýrri lagaumgjörð, sem meðal annars tæki á eðlilegri tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaganna á þeim landsvæðum þar sem orkuver eru starfrækt. Það má ekki gleymast í þessu samhengi að sveitarfélagið er að úthluta náttúrugæðum. Því verða íbúarnir að sjá að samfélagið hér fái eitthvað í staðinn. Slíkt er einfalt sanngirnismál sem við víkjum ekki frá.“